




Kynning

Aðgengi í Borgarleikhúsi

Borgarleikhúsinu barst eftirfarandi erindi frá Valgerði Jónsdóttur, starfsmanni Mannréttindaráðs



„Óskað hefur verið eftir kynningu frá Borgarleikhúsinu hvað varðar aðgengismál leikhússins, t.d hvernig fólk bókar miða í hjólastólastæði, staðsetningu hjólastólastæða t.d upp á hvort fólk geti setið saman. Eru upplýsingar sýnilegar á vef leikhússins? Hvernig hefur leikhúsið unnið að aðgengismálum?“



Um aðgengi í Borgarleikhúsinu

Allar upplýsingar um aðgengismál í Borgarleikhúsinu er hægt að finna á heimasíðu leikhússins:



<https://www.borgarleikhus.is/adgengi>

Hlekkur inn á þessa undirsíðu er neðst á forsíðu heimasíðunnar, undir „Spurt og svarað“. Jafnframt er hægt að finna upplýsingar um „Aðgengi“ í Borgarleikhúsinu neðst á öllum síðum heimasíðunnar.




Á síðunni um aðgengismál er sérstakur kafli um: „Aðgengi hreyfihamlaðra“. Þar segir orðrétt:




„Allir salir Borgarleikhússins eru með áhorfendabrekku með tröppum en hluti salarins er þó ávallt aðgengilegur og tröppulaus (sjá myndir af sölum hússins [hér](#)). Best er að hafa samband beint við miðasölu Borgarleikhússins til að tryggja gott sætaval.

Í Borgarleikhúsinu er aðgengi fyrir hjólastólanotendur í öllum sölum hússins. Einnig er mögulegt að fá lánaðan hjólastól, lánsstóla má nálgast hjá starfsfólki í forsal. Miðabókanir hjólastólanotenda fara fram í gegnum miðasölu Borgarleikhússins eða á heimasíðu leikhússins.“




Stóri salur er með tvö hjólastólastæði, á 8. bekk (hægra megin). Þegar leikhúsið opnaði árið 1989 voru engin hjólastólastæði í Stóra salnum en fljótlega eftir opnun var ákveðið að fjarlægja fjögur sæti og búa til stæði fyrir tvo hjólastóla. Hjólastólastæðin í Stóra salnum eru þess eðlis að einungis annar hjólastólanotandinn getur setið við hlið leikhúsfélaga síns.






Fjöldi hjólastólastæða í Borgarleikhúsinu

Litli salur er með ótilgreindan fjölda hjólastólastæða á sjöunda bekk í áhorfendasal, enda mögulegt að fjarlægja sæti til að búa til stæði fyrir hjólastól. Mest átta hjólastólastæði. Á Litla sviðinu er hægt að sitja saman, hjólastólanotandi og leikhúsfélagi.



Nýja svið er með tvö hjólastólastæði, hægra megin og vinstra megin á fremsta bekk. Áhorfendabekkir Nýja sviðs eru þess eðlis að hægt er að fjölga hjólastólastæðum á fremsta bekk með því að taka út þrjú sæti fyrir hvern hjólastól. Á Nýja sviðinu er hægt að sitja saman, hjólastólanotandi og leikhúsfélagi.




Kaupferli hjólastólanotenda



Lengi vel var einungis hægt að bóka leikhúsmiða fyrir hjólastólanotendur hjá miðasölu Borgarleikhússins – annað hvort með símtali, með tölvupósti eða með því að mæta á staðinn. Þessi aðferð tryggði að okkar mati bestu þjónustuna, til að mæta þörfum hvers og eins leikhúsgests.

Fyrir tæpu ári hafði hjólastólanotandi samband og óskaði eftir því að hægt væri að bóka leikhúsmiða í gegnum heimasíðu leikhússins. Ákveðið var að verða við þeirri ósk, en tæknileg útfærsla hefur því miður ekki reynst nógu góð.

Búið er að óska eftir því hjá Tix.is að Borgarleikhúsið fái sömu tæknilegu útfærslu og Þjóðleikhúsið/Harpa í kaupferli leiksýninga í Stóra salnum. Sú vinna er þegar hafin.





Hvernig hefur leikhúsið unnið að aðgengismálum?

- Borgarleikhúsið hefur valið að fara þá leið að veita öllum öryrkjum 1.000 kr afslátt af leikhúsmiðum á allar leiksýningar.
- Borgarleikhúsið býður upp á afslappaðar sýningar á hverju leikári. Einnig hefur verið fjárfest í fleiri heyrnarhlífum til láns fyrir viðkvæm eyru og í boði eru snerti-skoðunarferðir fyrir blinda og sjónskerta, þar sem hægt er að koma í heimsókn fyrir sýningu og fá að snerta leikmynd og leikmuni.
- Borgarleikhúsið hefur fengið styrki til að standa straum af kostnaði vegna táknmálstúlkaðra sýninga.
- Búið er að framleiða aðgengismyndbönd sem verða fljótlega sett inn á heimasíðu leikhússins. Þar gefst kostur á að kynna sér betur aðgengi að áhorfendasölunum.
- Leiklistarskóli Borgarleikhússins er skóli án aðgreiningar, en skólastjórnendur hafa markvisst veitt fötluðum börnum skólavist, bæði á sumarnámskeiðum og í vetrarnáminu.


Að lokum



Árið 2024 var haldinn samráðsfundur um aðgengi í Borgarleikhúsinu og í framhaldi af því var heimasíða uppfærð og nýir verkferlar teknir í notkun.

Borgarleikhúsinu er annt um að tryggja gott aðgengi fyrir hreyfihamlaða. Þegar leikhúsinu berast ábendingar um úrbætur þá höfum við ávallt reynt að bregðast við hratt og örugglega eða haft samband við eiganda hússins og óskað eftir úrbótum sem snúa að sjálfu húsinu.

Þess má geta að Reykjavíkurborg hefur jafnframt alltaf brugðist hratt og örugglega við óskum um úrbætur er snúa að aðgengismálum.





Borgarleikhúsið

borgarleikhus.is



Næðisrými í forsal


Aðgengilegt Borgarleikhús



Viljinn í verki – viðurkenning
frá Ási styrktarfélagi



Táknmálstúlkuð Elly



Snerti- og skoðunarferð





Borgarleikhúsið